



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selma Hafliðadóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum (26. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á viðmiðunarfjárhæðum tilkynningaskyldra samruna.

Viðmiðunarfjárhæðir tilkynningaskyldra samruna eru umtalsvert lægri hér á landi en í samanburðarlöndum, en þær hafa verið óbreyttar um árabil. Eins og bent er á í frumvarpinu þá hafa umsvif fyrirtækja á Íslandi aukist mikið undanfarin ár með tilheyrandi veltuaukningu og er það mat Viðskiptaráðs að viðmiðunarfjárhæðir þessar verði að endurspegla þá þróun.

Viðskiptaráð tekur enn fremur undir það sjónarmið greinargerðarinnar að breyting af þessu tagi er til þess fallin að auka skilvirkni í starfsemi Samkeppniseftirlitsins þar sem eingöngu mál þar sem raunverulegir hagsmunir eru í húfi og ástæða til að ætla að samruni geti skipt máli fyrir samkeppni í landinu komi til kasta Samkeppniseftirlitsins.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs